

## Andlát

Dóróthea Halldórsdóttir, Hringbraut 116, Reykjavík, andaðist 19. júlí.

## Jarðarfarir

Guðjón Halldórsson húsgagnasmiður, Höfdatúni 9, verður jarðsönginn frá Fossvogskirkju mánudaginn 24. júlí kl. 15.

Hanna Elsa Jónsdóttir, Meðalholti 4, vistmaður að Hátúni 12, er lést laugardaginn 15. júlí, verður jarðsöngin mánudaginn 24. júlí kl. 15 í Fossvogskapellu.

Haraldur Ólafsson, Nökkvavogi 62, er lést þann 17. júlí sl., verður jarðsönginn frá Fossvogskirkju þriðjudaginn 25. júlí kl. 15.

Útför föður okkar, tengdaföður og afa, Lárúsar Lúðvicks Magnússonar vélstjóra, Seljavegi 17, Reykjavík, fór fram í kyrkþey þann 19. júlí að ósk hins látna.

Þórdís Hallgrímsdóttir Ammendrup lést 12. júlí. Hún fæddist á Akureyri 4. janúar 1946 og voru foreldrar hennar þau Hallgrímur Stefánsson og Fríða Sæmundsdóttir. Þórdís lauk námi frá Ljós-



mæðraskóla Íslands í september 1971 og síðan framhaldsnámi frá Hjúkrunarskóla Íslands í september 1974. Eftirlifandi eiginmaður hennar er Páll Ammendrup. Þau hjónin eignuðust þrjú börn. Útför Þórdísar verður gerð frá Arbæjar- kirkju í dag kl. 15.



### Tombóla

Nýlega héldu þessir krakkar tombólu til styrktar Rauða krossi Íslands og söfnuðu þau 1335 kr. Þau heita Sigurður Garðar

Flosason, Kristín Halldórsdóttir, Linda Garðarsdóttir, Jofríður Halldórsdóttir, Helga Björg Garðarsdóttir en á myndina vantar Birgi Má Jónsson.



### Tombóla

Nýlega héldu Lára Rúnarsdóttir og Bryndís Guðmundsdóttir tombólu til

styrktar Rauða krossi Íslands og söfnuðu þær 700 kr.

## Nauðungaruppboð annað og síðasta á eftirtöldum eignum fer fram í skrifstofu embættisins, Hafnargötu 62, á neðangreindum tíma

Fagranes GK-171, þingl. eig. Sigurður Tr. Þórðarson o.fl., þriðjud. 25. júlí nk. kl. 13.30. Uppboðsbeiðendur eru Ólafur B. Arnason hdl., Tryggingastofnun ríkisins, Búnaðarbanki Íslands og Vilhjálmur H. Vilhjálmsson hdl.

Bæjartógetinn í Keflavík,  
Grindavík og Njarðvík  
Sýslumaðurinn í Gullbringusýslu

## Nauðungaruppboð þriðja og síðasta á eftirtöldum fasteignum

Drangavellir 8, Keflavík, þingl. eig. Hreggviður Hermannsson o.fl., fer fram á eigninni sjálfri, þriðjud. 25. júlí nk. kl. 10.15. Uppboðsbeiðendur eru Guðmundur Kristjánsson hdl., Bæjarsjóður Keflavíkur, Tryggingastofnun ríkisins, Vilhjálmur H. Vilhjálmsson hdl., Veðeild Landsbanka Íslands, Landsbanki Íslands og Jón Þóróddsson hdl.

Fitjabraut 30, Njarðvík, þingl. eig. Sigurjón hf., fer fram á eigninni sjálfri, þriðjud. 25. júlí nk. kl. 11.00. Uppboðsbeiðendur eru Rúnar Mogensen hdl., Vilhjálmur H. Vilhjálmsson hdl., Garðar Garðarsson hdl. og Gjaldheimta Suðurnesja.

Garður Grindavíkur, þingl. eig. Þorleifur Hallgrímsson, 250453-2059, fer fram á eigninni sjálfri, þriðjud. 25. júlí nk. kl. 15.30. Uppboðsbeiðendur eru Innheimtumaður ríkissjóðs, Ásgeir Thoróddsen hdl., Tryggingastofnun ríkisins, Jón G. Briem hdl. og Reynir Karlsson hdl.

Iðndalur 10, Vogum, þingl. eig. Fisktorg hf., fer fram á eigninni sjálfri, þriðjud. 25. júlí nk. kl. 15.00. Uppboðsbeiðendur eru Iðnlánasjóður, Bruna- bótafélag Íslands, Vilhjálmur H. Vilhjálmsson hdl., Skúli J. Pálmason hdl., Guðmundur Kristjánsson hdl., Othar Örn Petersen hdl., Ásgeir Thoróddsen hdl., Garðar Briem hdl., Eggert B. Ólafsson hdl., Vatnsleysustrandar- hreppur, Byggðastofnun, Andri Arnason hdl., Ingi H. Sigurðsson hdl., Kristinn Hallgrímsson hdl., Magnús Norðdahl hdl. og Ásbjörn Jónsson hdl.

Smáratún 35, neðri hæð, Keflavík, þingl. eig. Marteinn Jónsson, fer fram á eigninni sjálfri, þriðjud. 25. júlí nk. kl. 10.30. Uppboðsbeiðendur eru Vilhjálmur H. Vilhjálmsson hdl., Jón G. Briem hdl., Garðar Garðarsson hdl. og Ásbjörn Jónsson hdl.

Tjarnargata 31A, Keflavík, þingl. eig. Anton Narvaes, fer fram á eigninni sjálfri, þriðjud. 25. júlí nk. kl. 16.15. Uppboðsbeiðendur eru Bæjarsjóður Keflavíkur, Valgarður Sigurðsson hdl., Ólafur Gústafsson hdl., Bruna- bótafélag Íslands og Landsbanki Íslands.

Vesturbraut 9, efri hæð, Keflavík, þingl. eig. Bjarni Skúlason o.fl., fer fram á eigninni sjálfri, þriðjud. 25. júlí nk. kl. 11.50. Uppboðsbeiðendur eru Vilhjálmur H. Vilhjálmsson hdl., Tryggingastofnun ríkisins, Ásbjörn Jónsson hdl. og Veðeild Landsbanka Íslands.

Víkurbraut 23, Keflavík, þingl. eig. Víkurbraut sf., fer fram á eigninni sjálfri, þriðjud. 25. júlí nk. kl. 11.30. Uppboðsbeiðendur eru Bæjarsjóður Keflavíkur, Bruna- bótafélag Íslands, Iðnaðarbanki Íslands hf. og Ævar Guðmundsson hdl.

Bæjartógetinn í Keflavík,  
Grindavík og Njarðvík  
Sýslumaðurinn í Gullbringusýslu

## Menning

Viðtal við Bernard Huin safnstjóra:

# Nútímalist eftir eigin höfði

Listasafnið í Epinal í Frakklandi, sem lánað hefur verk til sýningar þeirrar sem opnuð verður um helgina að Kjarvalsstöðum, er sérstakt um margt, ekki síst fyrir það að á undanförunum sjö árum hefur safnstjórnin, Bernard Huin, fengið að kaupa nútímalist algjörlega eftir eigin höfði.

Það er einmitt sú list sem við fáum að sjá að Kjarvalsstöðum, verk eftir Warhol, Frank Stella, Donald Judd, Richard Long, Gilbert og George, Tony Cragg og marga fleiri.

Við gripum Huin þar sem hann var að stilla af mynd eftir Sigmar Polke og báðum hann segja frá safni sínu og þeirri list sem þar er að finna.

„Eins og þú kannski veist er Epinal safnið nokkuð gamalt. Það var stofnað árið 1822 og á talsvert af málverkum og vatnslitamyndum eftir gamla meistara, Rembrandt, de la Tour, Brueghel, Boucher, Watteau og fleiri.

Safnið átti hins vegar enga nútímalist þegar ég hóf þar störf fyrir fjórtán árum – og raunar nær enga peninga til kaupa á slíkri list.

Þegar Jack Lang varð menningarmálaráðgjafi hóf franska ríkið að veita stóra styrki til listasafna úti á landsbyggðinni og nutum við góðs af þeim.

Epinal safnið var allt í einu í stakk búið til að kaupa nútímalist en þó ekki í miklum mæli. Við gátum augljóslega ekki náð í skottið á listasöginni. Því urðum við að gera upp við okkur hvernig kaupunum skyldi hagað.

### Póetisk innkaupastefna

Niðurstaðan varð sú að mér var falið að kaupa inn verk eftir eigin smekk, rétt eins og ég væri að koma mér upp einkasafni.

Þegar ég er spurður um innkaupastefnu mína segi ég stundum að hún sé póetísk, þar eð hún grundvallast fyrst og fremst á minni eigin upplifun, því tilfinningasambandi sem myndast milli mín og ákveðinna verka.


Við spurðum Huin hvers konar nútímalist höfðaði helst til hans.

„Eins og þú sérð af sýningunni skiptist hún aðallega í þrennt. Í fyrsta lagi reyni ég að safna „Arte Povera“, verkum þeirra Mario Merz, Giovanni Anselmo og fleiri.

Í öðru lagi sækist ég eftir alls kyns „minimal“ list, naumhyggju, það er, verkum eftir Carl André, Donald Judd, Dan Flavin, Richard Long og Frank Stella.

Loks er ég líka veikur fyrir list sem erfitt er að flokka en hefur þó ákveðinn hugmyndalegan slagkraft, til dæmis verk Richards Artschwagers, Tony Cragg, Gilberts og George og Richards Tuttle.

Það vekur athygli að Huin virðist ekki hafa smekk fyrir nýja expres-



Bernard Huin innan í verki eftir Gilberto Zorio

DV-mynd Brynjar Gauti

sjónismanum svokallaða því ekkert verk af því tagi er í safni hans.

### Klifað á gömlum klisjum

„Það er rétt. Ég er ekki þar hrifinn af þessum germanska expressjónisma, Kiefer, Baselitz & Co.

## Myndlist

### Aðalsteinn Ingólfsson

Mér finnst þeir vera að klifa á gömlum klisjum. Ég er í sjálfu sér ekki á móti expressjónisma, mér hugnast til dæmis gamli expressjónismi þeirra Kirchners og fleiri.

Við spjöllum um verðlag á nútímalist sem gerir litlum söfnum eins og Epinal safninu erfitt fyrir.

„Það gefur augaleið að við getum ekki keypt mörg verk eftir Stella á hverju ári. Satt að segja eyddi ég helftinni af innkaupafé okkar fyrir árið 1986 þegar ég keypti málverkið eftir Stella sem er hér á sýningunni.

Glaður mundi ég vilja kaupa fleiri verk ungra listamanna en ég geri en eins og stendur reyni ég að treysta undirbyggingu safnsins með lykilverkum eftir þá listamenn samtímans sem mest hafa lagt af mörkum til nútímalistar – að mér finnst.

Til þessa hef ég keypt um 150 verk til safnsins á því tímabili sem ég hef verið þar við stjórnvölinn.

Talið berst að einstökum verkum í safninu, til dæmis mynd Warhols með súpudósunum. Hvað réð því að hún var keypt?

„Ég hef takmarkaðan áhuga á sjálfri poppfilósófiunni. Ég keypti það verk fyrst og fremst vegna þess að í því er gengið út frá ýmsum forsendum naumhyggjunnar, minimalismans, til dæmis endurtekningu staðlaðra forma.“

### Íslendingar á óskalistanum

Önnur mynd, ljósmynd Helmut Newton af nakinni og fjallmyndarlegri konu í fullri lengd, sem íslenskir fjölmiðlar hafa verið mjög áfram um að birta, er einnig til umræðu.

„Ég lít eiginlega ekki á hana sem ljósmynd heldur sem skúlptúr. Newton er barna að nota kvenlíkamann til tjáningar á líkamlegum og sálfræðilegum sannindum.“

Það kemur í ljós að Huin þekkir vel til íslenskrar nútímalistar og segist hann undrandi á því hve margir af bestu listamönnum Norðurlanda séu íslenskir. Loks upplýsir hann að meðal þeirra sem séu hátt á óskalista hans fyrir Epinal safnið séu þeir Guðmunds- synir, Sigurður og Kristján.

-ai.

## SMÁAUGGLÝSINGAR

# OPIÐ!

Mánudaga – föstudaga,  
9.00 – 22.00  
Laugardaga, 9.00 – 14.00  
Sunnudaga, 18.00 – 22.00



Þverholti 11  
S: 27022